

Mánudaginn 18. júní 1956.

Nr. 134/1955. **Pórdís Halldórsdóttir** (Ragnar Jónsson)

gegn

Páli J. Blöndal og gagnsök

(Guðmundur Pétursson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ómerking og heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Héraðsdóm hafa upp kveðið Jón sýslumaður Steingrímsson og samdómendurnir Guðmundur Jónsson skólastjóri og Kristján Guðmundsson afgreiðslumaður.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. september 1955 og krafizt þess, að dæmt verði, að svonefnd Kríueyri í Hvítá, eins og hún er mörkuð á hdskj. nr. 9, teljist hluti Neðraneslands og að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða henni málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 23. september 1955 og krafizt þess, að Kríueyri verði talin hluti jarðarinnar Stafholtseyjar og að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gegnt Kríueyri norðan ár liggur land Hamraenda, svo nefnd Brenna. Eigandi þeirrar jarðar, Sigurður Gíslason, hefur eftir uppsögu héraðsdóms lýst því fyrir dómi, að áin hafi árum saman brotið af Brennunni og að Kríueyri hafi lengzt til norðurs vegna árframburðar. Telur Sigurður sig eiga rétt til árinna, þar með talin veiði, að því leyti sem hún renni yfir land, sem verið hafi hluti Hamraenda. Dómur um eignarrétt til Kríueyrar skiptir samkvæmt þessu eiganda Hamraenda máli, sbr. 7. gr. vatnalaga nr. 15/1923 og 7. gr. laga nr. 112/1941 um lax- og silungsveiði. Héraðsdómari átti því að kveðja eiganda Hamraenda fyrir dóm og veita honum færi á því að gerast aðili í málinu, sbr. 8. gr. laga nr.

41/1919 um landamerki o. fl. Með því að héraðsdómari hefur látið þetta undir höfuð leggjast, verður að ómerkja héraðsdóminn og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Rétt þykir, að hvor aðilja beri sinn kostnað af áfrýjun málsins.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar.

Hvor aðilja ber sinn kostnað af áfrýjun málsins.

Dómur landamerkjadóms Mýra- og Borgarfjarðarsýslu

10. ágúst 1955.

Mál þetta er höfðað með stefnu, út gefinni 16/6 þ. á., þingfest sama dag, áreið gerð í gær og tekið til dóms í dag.

Stefnandi hefur gert þær dómkröfur, að svonefnd Kríueyri, sem liggur í Hvítá út af Eyjarfaxi, verði með dómi réttarins talin tilheyra jörðinni Stafholtsey. Jafnframt hefur hann krafizt, að sér verði tildæmdur málskostnaður samkvæmt mati réttarins.

Stefnda hefur gert þær dómkröfur, að dómkröfum stefnanda verði hrundið og ákveðið verði með dómi, að eyrar þær í Hvítá, er liggja út frá Stórufit, þar með talin Kríueyri, tilheyri Neðraneslandi. Einnig hefur hún krafizt, að sér verði tildæmdur málskostnaður.

Til rökstuðnings kröfum sínum hefur stefnandi lagt fram landamerkjabréf Stafholtseyjar, dags. 31/5 1890 og þinglesið sama dag, þar sem segir, að Hvítá ráði merkjum milli Stafholtseyjar og Neðraness, með þessari viðbót: „Það er að segja megináin bæði fyrir ofan og neðan, þar er Þverá fellur í hana. Eyrar þær, er liggja í ánni út af svonefndu Eyjarfaxi, liggja undir Stafholtsey“.

Þá hefur hann lagt fram vottorð manna um og leitt vitni að, að um 1890 hafi sú kvísl Hvítár, er rennur sunnan Kríueyrar, verið örgrunn og lengi þá á eftir verið vatnsminni en hún er nú. Enn fremur að eggjataka, að vísu lítilfjörleg, hafi átt sér stað af hálfu Stafholtseyjarbónda um nokkurt árabil á Kríueyri.

Loks fullyrðir hann, að nokkru fyrir 1940 hafi hann leigt lax-

veiði fyrir Kríueyri veiðifélagi því, er hefur Þverá á leigu, og fengið árlega greiðslu fyrir þau afnot.

Að lokum bendir hann á, að á herforingjaráðskorti frá 1910 sé hreppamerkjalinna sýnd um norðurkvísl Hvítár hjá Kríueyri.

Stefnda hefur lagt fram til rökstuðnings kröfum sínum landamerkjabréf fyrir Neðraneslandi, dags. í maí 1890 og þinglesið 1892, og annað, dags. 8/12 1922, þinglesið 26/6 1923, og segir í báðum þessum landamerkjabréfum, að Hvítá ráði merkjum milli Neðraness og Stafholtseyjar.

Þá hefur hún leitt vitni um, að um alllangan tíma hafi fé frá Neðranesi runnið á Kríueyri, en eigi fé frá Stafholtsey.

Enn fremur hefur hún lagt fram vottorð frá þeim Ásbirni Guðmundssyni, Þorsteini Kristjánssyni og Guðmundi Einarssyni frá Miðdal og leitt þá Ásbjörn og Þorstein sem vitni þar um, að þeir hafi á árabílinu 1930—1940 stundað laxveiði samkvæmt leyfi Þorbjarnar bónda Sigurðssonar í Neðranesi fyrir Kríueyri.

Loks hefur hún lagt fram leigusamning, dags. í janúar 1939, þar sem Þorbjörn Sigurðsson leigir þeim Ólafi Þorsteinssyni, Kristni Hallgrímssyni, Þorsteini Kristjánssyni og Guðjóni Kr. Jónssyni laxveiðirétt í Hvítá fyrir landi Neðraness frá 1939 til 1943, og annan leigusamning, dags. 29/4 1952, þar sem Þórdís Halldórsdóttir leigir Ásgeiri Ásgeirssyni veiði fyrir Neðraneslandi í Hvítá móti Brennuveiðum í fimm ár.

Landamerkjadómurinn telur, eftir að hafa athugað uppdráttinn á dómskjali 9, gert áreið á þrætustaðinn og heyrt framburð vitna, að augljóst sé, að miklar breytingar hafi orðið á rennsli Hvítár í námunda við Kríueyri á tímabilinu frá 1890 til þessa tíma. Hann telur sannað, að um 1890 hafi aðalvatnsstraumur Hvítár fallið ofan við Kríueyri, milli hennar og Faxeyrar, og síðan sameinast Þverá og runnið norðan Kríueyrar. Jafnframt hefur kvísl sú, er rennur sunnan Kríueyrar, verið fremur grunn. Á næstu áratugum hefur þetta breytzt þannig, að vatn það, er féll sunnan Kríueyrar, hefur farið vaxandi, og um 1920 virðist svo sem áhöld hafi verið orðin um, hvort meira vatn rann norðan hennar eða sunnan. Eftir þann tíma hefur syðri kvíslin farið sífellt vaxandi og er nú orðin miklu vatnsmeiri en norðurkvíslin. Eyrar þær, sem þarna eru, hafa tekið nokkrum breytingum á þessu tímabili. Má gera ráð fyrir, að Faxeyrin hafi lengzt til vesturs og einnig eyrin fram af Stórufit. Jafnframt hefur Kríueyrin að ofanverðu breikkað bæði til suðurs og norðurs, en eyri, sem mun hafa verið rétt undir Eyjarfaxinu, horfið.

Landamerkjabréfin, dómskjöl 3 og 6, eru bæði gerð í maí-

mánuði árið 1890. Eru þau samhljóða um það atriði, að Hvítá ráði merkjum milli Stafholtseyjar og Neðraness, en landamerkjabréf Stafholtseyjar skilgreinir það nánar með því að segja, að miðað sé við meginána, og bætir því við, að eyrar út af Eyjarfaxi liggi undir Stafholtsey. Í landamerkjabréfi Neðraness frá 1922 eru ákvæði úr landamerkjabréfi þeirrar jarðar frá 1890 tekin upp orðrétt, að því er landamerki varðar gagnvart Stafholtsey, og er viðurkennt af umboðsmanni stefndu, að bréfið muni hafa verið ritað upp vegna breyttra landamerkja gagnvart Kaðalsstöðum. Virðist stefnandi hafa undirritað það án athugasemda, þar sem það var orðrétt ritað eftir fyrra bréfi, en eigi athugað, að landamerkjabréf Stafholtseyjar frá 1890 var fyllra, eða hvaða breyting kynni að hafa orðið á rennsli árinna frá 1890.

Um not aðilja á þrætulandinu er það að segja, að þau virðast um langan tíma hafa verið næsta lítil. Það er vitað, að Stafholts-eyjarmenn hafa nokkuð sótt egg á Kríueyri, en aldrei í þeim mæli, að til atvinnu geti talizt. Hins vegar hafi í seinni tíð fé frá Neðranesi runnið á Kríueyri, en eigi virðast þau not geta talizt sönnun fyrir eignarrétti.

Hins vegar er það upplýst, að eigandi Neðraness leigði laxveiði í Hvítá fyrir landi jarðar sinnar árið 1937, árin 1939 til 1943 og árið 1952 og síðan fyrir nokkurt gjald. Jafnframt er það upplýst, að leigjendur að veiði þessari stunduðu að einhverju leyti stangarveiði frá Kríueyri og byggðu rétt sinn til þessarar veiði á samningi sínum við eiganda Neðraness. Er ekki vitað, að eigandi Stafholtseyjar hafi mótmælt þessum veiðum. Hins vegar fullyrðir hann og er eigi mótmælt af gagnaðilja, að hann hafi þegar fyrir árið 1940 leigt laxveiðirétt sinn fyrir Kríueyri félagi því, er hafði þverá á leigu, fyrir árlega greiðslu. Virðist þannig, að báðir aðiljar hafi talið sig eiga Kríueyri og tekið gjald fyrir afnot hennar um árabíl. Landamerkjadómurinn telur, að er landamerkjabréfin á dómskj. 3 og 6 voru gerð, hafi aðalvatnsmagn Hvítár fallið milli Faxeyrar og Kríueyrar og síðan norðan Kríueyrar. Beri því að líta svo á, að Kríueyri hafi á þeim tíma tilheyrt Stafholts-ey, samanber tilfærð ummæli landamerkjabréfs þeirrar jarðar. Til stuðnings því má geta þess, að á herforingjaráðskortinu frá 1910, dómskj. 22, virðist aðalvatnsmagn árinna ennþá liggja í norðurkvíslinni, enda er merkjalína, er dregin er eftir Hvítá, lögð í þeirri kvísl. Virðist landamerkjabréf Neðraness frá 1922 eigi geta hnekkst þessari niðurstöðu, því það virðist undirritað út frá þeirri forsendu, að enga breytingu eigi með því að gera á landamerkjunum frá 1890, enda ósannað, að norðurkvíslin á þeim

tíma hafi verið orðin minni en syðri kvíslin. Þá ber og hér að hafa í huga ákvæði 2. mgr. 3. gr. vatnalaga nr. 15 frá 1923.

Þá telur landamerkjadómurinn, að afnot þau, er eigandi Neðraness hefur haft af laxveiði fyrir Kríueyri á undanförnum árum, geti eigi helgað honum eignarrétt að eyrinni, enda koma þar á móti sams konar afnot eiganda Stafholtseyjar af eyrinni.

Loks hefur umboðsmaður stefndu haldið því fram, að allar þær eyrar, sem eru þarna á mótum Þverár og Hvítár, væru myndaðar af framburði ána og breyttust ár frá ári og jafnvel hyrfu eitt árið og kæmu upp annað árið á öðrum stað, og bæri því eigi að ákveða landamerki með tilliti til þeirra. En á þessa skoðun hans getur landamerkjadómurinn eigi fallizt, því honum virðist ljóst, að Kríueyri hafi staðið með svipuðum ummerkjum frá því fyrir 1890, og er hún nokkuð gróin að ofan, enda þótt sjá megi, að áin fer yfir hana í mjög miklum vatnavöxtum.

Samkvæmt framansögðu verður landamerkjadómurinn að taka til greina dómkröfur stefnandans um, að Kríueyri verði talin tilheyra jörðinni Stafholtsey.

Kostnaður við landamerkjadóminn ákveðst þannig:

1. Kostnaður við gerð uppdráttar	kr. 1.370.00
2. Bifreiðakostnaður dómenda	— 435.00
3. Dagkaup meðdómenda í 2 daga	— 800.00
	Kr. 2.605.00

og virðist eftir atvikum rétt að dæma málsaðilja til að greiða þann kostnað að hálfu hvorn. Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Dómsorð:

Kríueyri, sem liggur í Hvítá út af Eyjarfaxi, skal tilheyra jörðinni Stafholtsey í Andakílshreppi í Borgarfjarðarsýslu.

Stefnandi, Páll Blöndal í Stafholtsey, og stefnda, Þórdís Halldórsdóttir í Neðranesi, greiði að hálfu hvort kostnað við landamerkjadóminn, að upphæð kr. 2605.00 — tvö þúsund sex hundruð og fimm 00/100. Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 14 daga frá birtingu hans.